

## ÁRSSKÝRSLA KIRKJUGARÐARÁÐS 2020

Í lögum um kirkjugarða er gerð góð grein fyrir lögbundnum verkefnum kirkjugarða. Samkvæmt þeim er kirkjunni falið að stýra þessum málaflokki þó verkefnin séu ekki beinlínis tengd trúmálum. Dómsmálaráðuneytið er fagráðuneyti kirkjugarða en biskup, kirkjugarðaráð, prófastar, prestar, sóknarnefndir og starfsmenn kirkjugarða sjá um stjórnun og framkvæmd verkefna.

### **Kirkjugarðaráð.**

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Ráðið kemur að jafnaði saman einu sinni í mánuði, en framkvæmdastjóri ráðsins fer reglulega í ferðir um landið til að líta eftir framkvæmdum við hina ýmsu kirkjugarða landsins, leggja á ráðin um endurbætur, stækkun og umhirðu þeirra. Eins og hjá flestum hafði kórónuveiran áhrif á starfsemi kirkjugarðaráðs. Hélt ráðið átta fundi á árinu og voru flestir þeirra fjarfundir. Á árinu heimsótti framkvæmdastjóri 73 kirkjugarða. Í kirkjugarðaráði sitja fimm fulltrúar, og þeir eru: Ragnhildur Benediksdóttir lögfræðingur, fulltrúi biskups og formaður ráðsins; Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, ritari ráðsins; Valtýr Valtýsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP tilnefndur af Kirkjugarðasambandi Íslands; Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar tilnefndur af Kirkjuþingi. Framkvæmdastjóri ráðsins er Guðmundur Rafn Sigurðsson. Á vegum ráðsins starfar einnig sem verkefnastjóri Sigurgeir Skúlason landfræðingur og kortagerðarmaður sem sér um uppmælingu og stærðarútreikninga kirkjugarða vegna gjaldalíkans auk þess að vinna að gerð lóðarblaða uppdrátta og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða.

### **Styrkveitingar kirkjugarðasjóðs - framkvæmdir.**

Á árinu 2020 veitti Kirkjugarðaráð styrki úr Kirkjugarðasjóði til 30 verkefna samtals að upphæð tæpar 60 milljónir. Kirkjugarðar á eftirfarandi stöðum fengu eina milljón eða hærra í styrk: *Ólafsvellir*: endurnýja göngustíg í kirkjugarðinum. *Stóri-Núpur*: greiða niður skuld. *Stóru-Borg Grímsnesi*: lagfæring innan garðs og á steiptum vegg. *Þorlákshöfn*: stækkun kirkjugarðs. *Borg á Mýrum*: ljúka afmörkun garðs með hlöðnum vegg. *Stóri-Laugardalur*: greiða niður skuld vegna framkvæmda. *Staður Steingrímsfirði*: bæta aðgengi og einhlaða vegg á suðurhlið garðs. *Blönduós*: stígagerð og þjónustuhús. *Sauðárkrókur*: gerð bílastæðis og uppsetning lýsingar. *Silfrastaðir*: endurhlaða grjótvegg á framhlið kirkjugarðsins: *Tjörn í*


*Svarfaðardal*: endurnýjun girðingar. *Kirkjugarðar Akureyrar*: endurnýjun lýsingar. *Munkaþverá*: endurnýjun girðingar. *Svalbarðsströnd*: ný girðing, lagfæring sáluhliðs og bæta aðgengi. *Kirkjugarðasamband Íslands*: áframhaldandi vinna við gagnagrunninum *gardur.is*, útgáfa Bautasteins riti sambandsins og til að sjá um útreikninga vegna tekjuútteilingu til kirkjugarðanna, en útteilingin byggir á gjaldalíkani er Kirkjugarðasamband Ísland lét vinna. Auk þessa var á árinu unnið við lagfæringu og hirðingu á nokkrum niðurlögðum kirkjugörðum t.d. á Klyppsstað í Loðmundarfirði, Klausturhólum, Arnarbæli í Ölfusi, Skálmanesmúla, Selárdal, gamla garðinum Húsavík og Skálum á Langanesi.‘



Kirkjugarðurinn á Sauðárkróki



Kirkjugarðurinn á Fárskrúðsfirði



Akureyrarkirkjugarður

### **Grafargjald til kirkjugarða.**

Ríkið leggur kirkjugörðum til fjármagn samkvæmt gjaldalíkani. Fara 18% af þeirri fjárhæð í svokallað grafargjald og er kirkjugörðunum greitt ákveðin upphæð fyrir hverja jarðsetningu. Átti þessi upphæð að standa undir grafartöku, frágangi grafar og prestþjónustukostnaði vegna útfara. Síðustu ár hefur þóknun presta við útfarir hækkað umtalsvert meira en hækkun grafargjaldsins frá ríkinu án þess að tilkomið hafi samsvarandi hækkun á grafargjaldinu. Þetta hefur leitt til þess að garðarnir hafa þurft að taka á sig umtalsverða skerðingu og ekki getað greitt verktökum sanngjarna þóknun vegna grafartöku. Við nýlega endurskoðun á samkomulagi milli íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar voru afnumdar skyldur kirkjugarðanna um að greiðu þóknun til presta, forstöðumanna safnaða og lífsskoðunarfélaga vegna þjónustu við útfarir.

Guðmundur Rafn Sigurðsson,  
framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs